

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 06.05.2016
Málsnúmer: FJR15080075
Bréfalykill: 3.7

Efni: Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.) þskj. 963 – 589. mál.

I. Inngangur

Vísað er í tölvuskeyti, dags. 20. apríl sl. þar sem efnahags- og viðskiptanefnd óskar eftir afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins (ráðuneytisins) til helstu athugasemda sem bárust í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (Þskj. 963 – 589. mál).

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust fimm umsagnir frá jafn mörgum aðilum vegna frumvarpsins. Þessir aðilar voru Fjármálaeftirlitið (FME), Persónuvernd, Samband íslenskra sparisjóða (SÍSP), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Seðlabanki Íslands (SÍ). Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð ráðuneytisins við umsögnunum og tillögur að breytingum á einstökum greinum. Í lok minnisblaðsins er að finna samantekt á þeim breytingum sem lagðar eru til.

II. Tilefni og meginefni lagasetningarinnar.

Með frumvarpinu er stefnt að því að aðlaga íslenska löggjöf á sviði fjármálamarkaðinum að Basel III staðlinum og nýju CRD IV/CRR regluverki Evrópusambandsins. CRD IV/CRR regluverkið saman stendur af tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Fyrsta skrefið í aðlögun íslenskra laga að umræddu regluverkið var stigið í fyrra með samþykki frumvarps sem varð að lögum nr. 57/2015, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Regluverkið er viðamikilið og fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á eldri tilskipunum á sama sviði og vísað er í almennar athugasemdir frumvarpsins til frekari skýringa.

II. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd.

Til hægðarauka er í minnisblaðinu fjallað um athugasemdir við hverja grein frumvarpsins en ekki hverja umsögn. Í einni umsögn, frá Persónuvernd, voru engar athugasemdir gerðar við frumvarpið.

Almennar athugasemdir um frumvarpið í umsögnum.

Auknar valdheimildir FME í gegnum könnunar- og matsferli og minni fyrirtæki.

Í umsögn SÍSP kemur fram að frumvarpið fjalli að miklu leiti um auknar valdheimildir og aðgerðir FME án þess að séð verði að horft hafi verið á hvaða áhrif mögulegar aðgerðir FME

kunni að hafa á starfsskilyrði og kostnað smærri fjármálafyrirtækja og getu þeirra til þess að veita þjónustu til viðskiptavina þ.á m. á landsbyggðinni. Vísar SÍSP m.a. til þeirra sjónarmiða að horft skuli til stærðar fyrirtækja við lagasetningu þar sem lagareglur séu sniðnar að stærri fyrirtækjum með flóknari rekstur. Þá er einnig vísað til meðalhófsreglunnar sem getið er um á ýmsum stöðum í CRD IV/CRR regluverkinu um að tekið skuli tillit til stærðar, umfangs og flækjustigs í rekstri fyrirtækja bæði við setningu reglnanna í landsrétt EES-ríkjanna og við framkvæmd þeirra.

Umsögn SÍSP virðist að mestu snúast um 36. gr. frumvarpsins (valdheimildir vegna eftirlits) en þó er líklega einnig verið að fjalla um ný ákvæði sem frumvarpið leggur til um könnunar- og matsferli eftirlitsaðila (svonefnt SREP-ferli), sbr. 25. gr. frumvarpsins. Umrædd ákvæði sem innleiða ákvæði CRD IV/CRR regluverksins í lög eru ekki ný því þau fyrirfinnast í dag að stærstum hluta í 84. gr. laganna og reglum FME nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Umræddar reglur um könnunar- og matsferli og valdheimildir á grundvelli þess komu fram í Basel II staðlinum sem kom út árið 2006. Basel II staðalinn var innleiddur í Evrópurétt með tilskipun 2006/48/EB (sjá m.a. 75., 123., 124., 129., 131., 136., 139., 142., 144. gr. tilskipunarinnar og viðauka XI við hana) og tilskipun 2006/49/EB (m.a. 20. gr. tilskipunarinnar). Þessar reglur voru innleiddar hér á landi árin 2006 – 2008. Þessi ákvæði koma nú fram í 97. – 110. gr. CRD IV tilskipunarinnar.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um könnunar- og matsferli og valdheimildir á grundvelli þess komi öll fram í lögum (sjá 3. undirkafla III. kafla í almennum athugasemdum frumvarpsins). Með því að umræddar kvaðir og skyldur komi fram í lögum skapast meiri skýrleiki og gagnsæi við beitingu ákvæðanna í störfum FME og skýrt kemur fram hvaða skyldur fjármálafyrirtæki bera samkvæmt þessu ferli. Þá er könnunar- og matsferlinu og valdheimildum á grundvelli þess veitt trygg lagastoð.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið SÍSP um að við lagasetningu skuli horft til áhrifa lagasetningar/reglusetningar á bæði stóra og smáa aðila á markaði og að ekki eigi að ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að koma fram þeim markmiðum sem stefnt er að með nýjum reglum. Það hefur verið gert varðandi framsetningu reglna um könnunar- og matsferli í frumvarpinu og mun koma fram í 4. mgr. 80. gr. laganna verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Eins og áður kom fram eru þetta ekki nýjar reglur og þær hafa gilt hér á landi í um 10 ár. Nú þegar framkvæmir FME könnunar- og matsferli í samræmi við meðalhófsregluna t.d. þannig að sparisjóðir hér á landi gangast ekki árlega undir þetta ferli heldur einungis stærri fjármálafyrirtæki.

Þá bendir ráðuneytið einnig á að umræddar reglur um könnunar- og matsferli gilda einnig um smærri fjármálafyrirtæki í Evrópu. Við gerð alþjóðlegra reglnanna og aðlögun þeirra inn í Evrópurétt er tekið tillit til smærri fyrirtækja í Evrópu enda ekki einungis á Íslandi þar sem lítil fjármálafyrirtæki finnast.

Í umsögninni er einnig varpað upp þeirri spurningu hvort ekki komi til álita að setja í orðskýringu skilgreiningu á smærri eða jafnvel staðbundnum fyrirtækjum sem skýrir betur út hvaða fjármálafyrirtæki er átt við þegar löggjafinn ákveður mismunandi meðhöndlun á fjármálafyrirtækjum. Er ákveðnar hugmyndir í þessa veru settar fram í umsögninni.

Ráðuneytið bendir á að í frumvarpinu er þegar komið til móts við þetta en með breytingu sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins á gildandi 14. gr. laganna um stofnframlag fjármálafyrirtækja er nú að finna skýringu á því hvaða sparisjóðir teljist starfa á afmörkuðu og staðbundnu starfssvæði. Slíkir sparisjóðir eru þeir sparisjóðir sem ekki hafa heimild til þess að stunda starfsemi skv. B-hluta V. kafla laganna. Í gildandi 3. mgr. 14. gr. laganna er það háð ákvörðun FME hvað teljist afmarkað og staðbundið starfssvæði.

Rétt er að það komi fram að tilskipanir og reglugerðir ESB sem gera kröfur til fjármálafyrirtækja gilda um öll fjármálafyrirtæki á innri markaðinum þ.á m. lítil fjármálafyrirtæki á Íslandi og annars staðar nema að tilskipanirnar og reglugerðirnar undanskilji ákveðin fyrirtæki. Í tilskipunum og reglugerðum sem gilda á þessu sviði þ. á m. CRD IV/CRR regluverkinu er að finna ákvæði sem undanskilja beint ákveðin fyrirtæki frá ákveðnum kröfum tilskipananna og reglugerðanna og er aðildarríkjunum veitt heimild til þess að taka þessi ákvæði upp í landsrétt sinn. Stjórnvöld hafa nýtt sér þessi ákvæði við innleiðingu hér á landi a.m.k. síðustu árin við innleiðingu CRD IV/CRR regluverksins og má t.d. vísa til innleiðingar ákvæða um eiginfjárouka en með 2. mgr. 84. gr. e og 4. mgr. 84. gr. d gildandi laga eru slík ákvæði tekin upp hér á landi og ákveðin fyrirtæki undanskilin kröfu um að viðhalda eiginfjároukum. Fyrirmynd slíkra ákvæði geta byggst á ákveðnum skilgreiningum sem teknar eru upp í lög, t.d. þeim tilmælum sem vísað er í umsögn SÍPS. Í tilskipunum og reglugerðum ESB er einnig að finna aðra tegund matskenndra ákvæða, sérstök meðalhófsákvæði, sem veita eftirlitsaðilum ríkjanna heimild til þess að ákveða að tiltekin fyrirtæki þurfi ekki að undirgangast ákveðnar kröfur regluverksins jafn oft og stærri fyrirtækin eða þá með öðrum hætti. Vísa slík ákvæði til þess að horft skuli til stærðar, kerfislegs mikilvægis, eðlis, umfangs og þess hversu margþætt starfsemi fyrirtækja er. Slík ákvæði eru eins og áður sagði bæði opin og matskennd en ástæðan er sú að erfitt er á hverjum tíma að meitla það í stein hvaða fyrirtæki skuli heyra undir slík ákvæði á hverjum tíma. Þannig getur fjármálafyrirtæki talist vera lítið m.t.t. efnahags annarra fjármálafyrirtækja en engu að síður verið í mjög áhættusömum rekstri sem skapar kerfisáhættu. Á sama hátt mætti taka dæmi um fjármálafyrirtæki sem telst hafa stóran efnahagsreikning en er engu að síður með mjög einfalda starfsemi sem ekki er talin skapa kerfisáhættu. Þá er inntak hugtakisins kerfisáhætta, þ.e. hvað er kerfisáhætta á hverjum tíma, í eðli sínu einnig breytilegt, þannig getur ákveðin starfsemi á tilteknum tíma ekki skapað kerfisáhættu en á öðrum tíma getur hún skapað mikla kerfisáhættu, má þar t.d. taka dæmi um lánveitingar í tiltekinni atvinnugrein. Ráðuneytið telur því bæði mikilvægt að eftirlitsaðilar hafi slíkt mat og starfi í samræmi við þá meðalhófsreglu sem orðuð er í ákvæðunum eins og aðrir eftirlitsaðilar gera á sama hátt í öðrum ríkjum.

17. gr. a laganna (Uppfærð skuldbindingaskrá).

Í umsögn FME er bent á það að samhliða breytingum á hugtakanotkun laganna og nýja hugtakinu „venslaðir aðilar“ sem frumvarpið leggur til þurfi að gera breytingu á 17. gr. a laganna sem fjallar um uppfærða skuldbindingaskrá. Eftir að umsagnirnar komu fram hefur SFF verið í samskiptum við ráðuneytið og gert athugasemdir við þessa breytingartillögu. Ráðuneytið brást við því með því að afla frekari upplýsinga frá FME um þessa tillögu.

Eftir samskipti við FME og SFF er ráðuneytið á þeirri skoðun að breytingartillagan sem FME leggur til í umsögninni hafi ekki meiri efnislega áhrif á lögin en þær breytingar sem frumvarpið leggur til á 29. gr. a laganna. Hér skal hafa í huga að frumvarpið leggur til breytingu á skilgreiningu á „nánnum tengslum“ sbr. tillögu að 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna með 1. gr. frumvarpsins. Með breytingunni fellur tilvísun til „samstarfs“ út úr skilgreiningu á

„nánnum tengslum“ samkvæmt lögnum sbr. nógildandi b-lið 1. tölul. 1. gr. a laganna. Með því nær hugtakið „nán tengsl“ ekki til ákveðinna vensla þ.e. samstarfs aðila en hugtakið „venslaðir aðilar“ á að ná fram sömu tengslum og einn tilgangur þess að hugtakið „venslaðir aðilar“ er lagt til með frumvarpinu er m.a. að ná yfir þetta tómarúm sem skapast í lögnum..

Ef 17. gr. a laganna stendur óbreytt eftir samþykki frumvarpsins munu ákveðnir aðilar þ.e. þeir sem eiga í samstarfi falla fyrir utan ákvæðið sem er ekki tilgangur frumvarpsins. Að fenginni reynslu er mikilvægt að tengdir aðilar séu tengdir saman þ.ám. í skuldbindingaskrá. Með því að bæta við tilvísun til „venslaðra aðila“ í ákvæðinu er tómarúmið sem myndast í lögnum brúað. Það að aðhafast ekki með breytingu á lögnum gæti haft veruleg áhrif á túlkun á efni ákvæðisins og skyldu fjármálafyrirtækja til að tengja aðila saman á grundvelli 17. gr. a. Ráðuneytið leggur því til að breytingartillaga FME verði samþykkt.

Breyting:

Á eftir orðunum „aðila í nánnum tengslum“ í 2. másl. 2. mgr. 17. gr. a komi orðin „venslaða aðila“.

Innleiðing ákvæða CRR-reglugerðarinnar í lög.

SFF gerir athugasemd við það verkleg að taka hluta ákvæða CRR-reglugerðarinnar upp í lög. Ráðuneytið vísar í almennar athugasemdir frumvarpsins til rökstuðnings fyrir þessu verklagi og bendir á að í Noregi var valið að fara sömu leið í þessum efnum þ.e. að taka sum ákvæði CRR-reglugerðarinnar upp í norsk lög um fjármálastarfsemi. Ráðuneytið telur mjög mikilvægt að eftirlitsaðilar hafi skýrar lagaheimildir til að grípa til þegar starfsemi fjármálafyrirtækja er ekki í samræmi við lög bæði til að koma í veg fyrir og takmarka tjón á fjármálamarkaði. Þá ber einnig að vísa til þess að stjórnarsýslulög gilda um starfsemi stjórnvalda þ.m.t. FME og á grundvelli þeirra gildir m.a. meðalhófsreglan og andmæla­reglan þegar tekin er ákvörðun um réttindi og skyldur aðila að stjórnarsýslumáli.

117. gr. b laganna (Innleiðing tæknilegra framkvæmdarstaðla og tæknilegra eftirlitsstaðla í íslenskan rétt).

Í umsögn FME er vakin athygli á því að eftir að 117. gr. b laganna tók gildi hafi FME hafið vinnu við setningu þeirra reglna sem þar er kveðið á um og við þá vinnu hafi komið í ljós að ýmiss atriði mætti lagfæra í orðalagi ákvæðisins. Í umsgön FME kemur fram að skýra megi nógildandi 2. og 3. mgr. 117. gr. b laganna með þeim hætti að í skyldu FME til þess að setja reglur sem varða eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja og einstaka áhættuþætti í starfsemi þeirra felist sú skylda að taka upp alla tæknilega staðla sem varða eiginfjárouka og innri líkön fjármálafyrirtækja. Telur FME heppilegast að taka af öllu tvímæli um þetta atriði og leggur til breytingar á orðalagi ákvæðisins.

Ráðuneytið tekur undir athugasemdir FME enda mun FME hafa eftirlit með þessum þáttum í starfsemi fjármálfyrirtækja. Ráðuneytið leggur því til að orðalagsbreytingar verði gerðar á 117. gr. b laganna eins og FME leggur til í umsögn sinni.

Breytingar:

Á eftir orðinu „eiginfjárgrunn“ í b-lið 2. mgr. 117. gr. b komi: , eiginfjárouka

Á eftir orðinu „eiginfjárgrunni“ í a-lið 3. mgr. 117. gr. b komi: og eiginfjároukum

Á eftir c-lið 3. mgr. 117. gr. b bætist við nýr töluliður svohljóðandi: útreikningi á eiginfjárkröfum byggðum á innri líkönum,

Innri endurskoðun:

Eftir að umsagnir bárust vegna frumvarpsins barst athugasemd til ráðuneytisins frá FME um 16. gr. laganna sem fjallar um endurskoðunardeild og 54. gr. laganna sem fjallar um stjórnarhætti. Ákvæði 16. gr. laganna kom inn í lögina með lögum nr. 75/2010, sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki.

FME setti nýlega leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja (leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 sem gefin voru út hinn 15. apríl sl. og birt eru á heimasíðu FME). Áður hafði FME sett leiðbeinandi tilmæli um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja (leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008). FME kallar reglubundið eftir skýrslum innri endurskoðenda og innri stjórnarhætti sem notaðar eru við eftirlit með fjármálafyrirtækjum. FME hefur nálægð við málefnaflokkinn vegna eftirlits þess á fjármálamarkaði. Í gildandi lögum þ.e. í 5. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna er að finna heimild til að setja reglugerð um starfsemi innri endurskoðunardeildar. Ábending FME varðar m.a. það atriði hvort breyta ætti reglugerðarheimildinni þannig að í stað heimildir til þess að setja reglugerð kæmi heimild til handa FME til þess að setja reglur.

Ráðuneytið tók þessa ábendingu til skoðunar og fór m.a. yfir lög nr. 75/2010 sem áður var vísað til og aflaði sjónarmiða frá formanni nefndar sem fór fyrir gerð frumvarps sem varð að umræddum lögum. Á síðustu árum hefur færst í aukana að reglugerðarheimildum hafi fækkað en regluheimildum fjölgað. Þetta skýrist helst af breytingum sem hafa orðið á alþjóðavettvangi m.a. á vettvangi ESB með uppsetningu nýrra evrópskra eftirlitsstofnanna á fjármálamarkaði en stofnanirnar hafa á síðustu árum fengið heimildir til þess að setja tæknilega framkvæmdastaðla, tilmæli og viðmiðunarreglur sem eftirlitsaðilum í ríkjunum er gert að starfa eftir.

Í stuttu máli þá virðast engin sérstök rök mæla með því að þarna sé birt reglugerð frekar en reglur. Þá hefur reglugerð ekki verið sett á grundvelli þessarar heimildar. Með heimild til þess að setja reglur um innri endurskoðun fjármálafyrirtækja fengi FME heimild til þess að setja bindandi stjórnvaldsfyrirmæli. Slík heimild væri einnig nátengd þeim heimildum sem FME hefur nú þegar í lögum t.d. til að setja reglur um framkvæmd áhættustýringar og meðhöndlun einstakra áhættuþátta. Með slíkri heimild getur FME brugðist við, komi upp aðstæður þar sem nauðsynlegt er að bregðast skjótt við.

Með vísan til ofangreindra sjónarmiða leggur ráðuneytið til að í stað reglugerðarheimildar komi regluheimild til handa FME í 16. gr. laganna til þess að setja reglur um innri endurskoðun. Sömu sjónarmið eiga við um reglur um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og er því einnig lagt til að við bætist heimild til þess að setja reglur um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja í 54. gr. laganna.

Breytingar:

5. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar.

8. mgr. 54. gr. orðist svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

Eignaleiga skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í umsögn SFF er því fagnað að ákveðið hafi verið að fara í heildarendurskoðun á lögum nr.

161/2002, um fjármálafyrirtæki. Rétt er að 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna sem varðar eignaleigu hefur komið til tals á milli ráðuneytisins og SFF. Ráðuneytið hefur þetta atriði til skoðunar og mun á næstu vikum vera í sambandi við SFF og FME og leita eftir sjónarmiðum um ákvæðið og á grundvelli þess taka ákvæðið til endurskoðunar.

1. gr. frumvarpsins (breytingar á 1. gr. a laganna – orðskýringar).

SFF leggur til að skilgreiningum verði ráðað upp í starfrófsröð því það myndi auðvelda lestur laganna. Sú leið sem var valinn við uppröðun skilgreininga í frumvarpinu byggir á uppröðun þeirra í CRD IV/CRR regluverkinu en sú uppröðun er einnig í samræmi við það hvernig hugtökin ráðast upp eftir kaflaskiptingu laganna. Ráðuneytið leggst þó ekki gegn því að þessu verði breytt í samræmi við umsögn SFF.

Hlutafélagalög/lög um hlutafélög.

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við að orðið „hlutafélagalög“ sé notað í sumum ákvæðum laganna en í öðrum séu orðin „lög um hlutafélög“ notuð um sama efni þ.e. í tilvísun laganna til laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Telur SFF að þetta mætti samræma og að nota ætti orðin „lög um hlutafélög“. Ráðuneytið tekur undir sjónarmið SFF um að gæta eigi samræmis við orðaval í lögnum og leggur til að orðin „lög um hlutafélög“ verði notuð enda hafa þessar breytingar engin efnislega áhrif á túlkun laganna eða einstök lagaákvæði.

Útibú.

SFF leggur til orðalagsbreytingu á hugtakinu „útbú“.

Hugtakið „útbú“ (e. branch) er skilgreint í 17. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR-reglugerðarinnar. Í enskri útgáfu reglugerðarinnar orðast skilgreiningin þannig: Branch – means a place of business which forms a legally dependent part of an institution and which carries out directly all or some of the transaction inherent in the business of institutions.

Orðalag skilgreiningarinnar í frumvarpinu er því nánast bein þýðing á skilgreiningu CRR. Skilgreiningin bindur ekki hugtakið við starfsleyfi. Að mati ráðuneytisins myndi tillaga SFF þrengja hugtakið um of með tilvísun til starfsleyfis og því leggst ráðuneytið gegn breytingartillögnum.

Félag í hliðarstarfsemi.

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við orðalag skilgreiningar á „félagi í hliðarstarfsemi“ en SFF telur óljóst hvað átt sé með orðunum „sambærilegri þjónustu“ skv. skilgreiningunni. SFF leggur til orðalagsbreytingu í umsögninni sem ráðuneytið styður.

Lánastofnun/fjármálastofnun.

SFF gerir athugasemdir við notkun hugtakanna „lánastofnun“ og „fjármálastofnun“ sem skilgreind verða í 2. og 17. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Hér skal strax bent á það að hugtakið „lánastofnun“ er vel þekkt í almennu máli á fjármálamarkaði enda hefur það hugtak verið notað yfir enska hugtakið „credit institution“ í fjölda ára í íslenskum lögum og alveg frá því að Ísland gerðist aðili að EES-samningnum. Orðið „lánastofnun“ kemur nú fyrir 40 sinnum í lögnum. Þá kemur hugtakið fyrir í sömu merkingu í yfir þrjátíu öðrum lagabálkum. Hugtakið var einnig að finna í eldri lögum þ.ám. lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. SFF leggur til að orðið „lánafyrirtæki“ verði notað þess í stað. Þess skal getið að orðið „lánafyrirtæki“ kemur nú þegar fyrir í

lögnum og er notað í annarri merkingu og þá sem ákveðin tegund lánastofnunar þ.e. sem fjárfestingarbanki sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Hugtakið „lánastofnun“ er rótgróið á íslenskum fjármálamarkaði og ráðuneytið leggst því gegn þessari tillögu.

Í frumvarpinu er lagt til að orðið „fjármálastofnun“ verði notað í stað hugtaksins „fyrirtæki tengt fjármálasviði“ sem nú er skilgreint í 14. tölul. 1. gr. a laganna en einnig eru lagðar til efnisbreytingar á skilgreiningunni sem tekur mið af skilgreiningu á „financial institution“ sem kemur fyrir í 26. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR-reglugerðarinnar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er ástæða þess að lagt er til að hugtakið „fjármálastofnun“ verði notað um þessa skilgreiningu sú að með því næst eðlilegt samræmi á milli hugtakanna „lánastofnun“ og „fjármálastofnun eða eins og þau koma fram á ensku „credit institution“ og „financial institution“. En orðið „institution“ er notað í báðum hugtökunum í enskri útgáfu CRD IV/CRR-regluverksins.

Íslenska orðið „bankastofnun“ hefur lengi verið notað um það sem telst lánastofnun þ.e. banka sem veita almenningi grunnbankaþjónustu enda hafa bankar (lánastofnanir) leyfi samkvæmt lögum til þess að sinna ákveðnum þörfum eins og t.d. greiðslumiðlun og viðtöku innlána.

Í enskum orðabókum má sjá að enska orðið „institution“ hefur nánast sama inntak og íslenska orðið „stofnun“. Enska hugtakið „institution“ er þannig bæði notað um stofnanir á vegum ríkisins, fyrirtæki sem reka starfsemi í þágu almennings, ákveðið kerfi sem komið er á og banka (sjá orðabók Cambridge). Orðabók Oxford veitir sömu skilgreiningar, þ.e. að enska orðið „institution“ geti átt við stofnun á vegum ríkisins eða aðra stofnun eins og trúarstofnun, aðila sem hefur hlutverk í samfélaginu eins og t.d. þing, húsnæði fyrir aldraða, samkomulag fólks eins og giftingu eða fyrirtæki sem kemur að viðskiptum þ.e. banka.

Með vísan til framangreinds getur ráðuneytið ekki tekið undir það að orðið „stofnun“ þá bæði „lánastofnun“ og „fjármálastofnun“ geti skapað ruglingshættu varðandi eignarhald enda vel þekkt hér á landi að fjármálafyrirtæki eru oftast rekin í formi hlutafélaga og eignarhald á þeim getur verið breytilegt frá einum tíma til annars.

Venslaðir aðilar.

SFF gerir athugasemdir við skilgreiningu á „vensluðum aðilum“ sem lagt er til að koma fram í 20. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna. Skilgreiningin er til komin vegna úttektar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins á fylgni FME við kjarnareglur Basel nefndarinnar um skilvirkt bankaeftirlit. Var talið að á skorti heimildir í íslensk lög til að tengja saman tengda aðila (e. related parties) og voru tilmæli Alþjóða gjaldeyrissjóðsins til íslenskra stjórnvalda að skoða upptöku umrædds hugtaks úr fyrrnefndum kjarnareglum, nánar til tekið kjarnareglu 22 um viðskipti tengdra aðila sem gert er með frumvarpinu. Skilgreiningin vísar til settra reikningsskilastaðla um sama efni, þ.e. alþjóðlega reikningsskilastaðalsins IAS 24 sem fjallar um viðskipti við tengda aðila og ætti að vera öllum fjármálafyrirtækjum vel þekktur. Umræddur staðall var uppfærður árið 2013 í ljósi undangenginna atburða á fjármálamarkaði.

Lögin gera þá kröfu að fjármálafyrirtæki tengi saman tengda aðila m.a. vegna stórra áhættuskuldbindinga og lánveitinga og í því ljósi er vísað til þeirra reglna sem um það gilda á alþjóðavettvangi og héraendis þ.e. umrædds reikningsskilastaðals. Heimild FME til að krefja fjármálafyrirtæki um það að tengja saman aðila er bundin við skilgreininguna og þá reikningsskilastaðla sem um þetta efni gilda en þetta kemur fram í skýringum við greinina.

Með öðrum orðum er verið að færa FME það vald að krefjast þess af fjármálafyrirtæki að það tengi saman aðila eins og reikningskilastaðalinn kveður á um og í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki er ekki að tengja aðila rétt saman.

Skýringar við 15. gr. frumvarpsins byggja á sama reikningskilastaðli og vísa í athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins og að mati ráðuneytisins eru þessar breytingar ekki óljósar.

Ráðuneytinu er ekki ljóst hvað leiðbeinandi tilmæli FME frá árinu 2010 koma þessari breytingu við. Þau sjónarmið sem fram koma í umsögn SFF um það eiga því að mati ráðuneytisins ekki við.

Samstarf.

Athugasemd er gerð við skilgreiningu á hugtakinu „samstarf“ í umsögn SFF. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að orðunum „m.a.“ er bætt við á undan upptalningu í ákvæðinu og gerir SFF athugasemd við það. Hér skal áréttað þess getið að það getur orðið breyting í afmörkun hugtaksins með hliðsjón af viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út um notkun hugtaksins við afmörkun á því hvernig túlka eigi samstarf með hliðsjón af virkum eignarhlut.

Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eru veittar heimildir til að gefa út viðmiðunarreglur m.a. um túlkun hugtaka í Evrópurétti. Ástæður þess að slíkar viðmiðunarreglur eru gefnar út eru annað hvort þær að hugtakanotkun og beiting reglna er ólík á milli ríkja, sem aðilar eru að innri markaðinum, eða að hætta er á að hugtök séu túlkuð með mismunandi hætti í aðildarríkjunum og reglum þannig beitt á ólíkan hátt sem skapar ájafnar samkeppnisáæstæður. Slíkt getur komið niður á samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja og eftirliti.

Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar verða teknar upp hér á landi og innlendir aðilar geta því kynnt sér þær breytingar sem verða á á túlkun Evrópureglna og eiga að hafa áhrif hér á landi. Ráðuneytið telur því að ekki sé ástæða til þess að koma til móts við þessa athugasemd.

Gervieignarhlutur.

SFF gerir athugasemd við notkun á orðinu „gervieignarhlutur“ þegar vísað er til enska hugtaksins „synthetic holding“ og leggur til að frekar verði notast við orðin „tilbúinn eignarhlutur“ í íslenskum rétti. Ráðuneytið leggst ekki gegn þessari tillögu.

Hæft fjármagn.

Í umsögn FME er lögð til breyting á hugtakinu „hæft fjármagn“. Vísar FME til þess að vegna kröfu um skýrleika réttarheimilda sé heppilegt að taka af öll tvímæli um að frádráttarliðir 85. gr. laganna séu hluti af útreikningi á hæfu fjármagni fjármálafyrirtækis. Ráðuneytið leggur til að hugtakinu verði breytt á sama hátt og FME leggur til í umsögn sinni.

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við að orðin „hæft fjármagn“ séu notuð yfir enska hugtakið „eligible capital“ og leggur til orðin „nýtanlegt fjármagn“ eða „nýtanlegt eigið fé“. Að mati ráðuneytisins ganga orðin „nýtanlegt eigið fé“ ekki. Ráðuneytið telur orðin „hæft fjármagn“ sem er bein þýðing á enska hugtakinu „eligible capital“ vera góða tillögu enda er með því vísað til þess að fjármagnið sé við hæfi.

Stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við tillögu SFF um orðalagsbreytingar við skilgreiningu á „stöðum sem haldið er vegna veltuviðskipta“.

Óbeinn eignarhlutur og krosseignarhald.

Ráðuneytið leggst ekki gegn breytingartillögum SFF á hugtökunum „óbeinum eignarhlut“ og „krosseignarhaldi“. Hins vegar vekur ráðuneytið athygli á því að breyta þurfi hugtökum á fleiri stöðum í frumvarpinu og ná tillögur minnisblaðsins ekki til þess.

Breytingar:

34. tölul. 1. mgr. 1. gr. a orðist svo: Hæft fjármagn: Samtala eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 skv. 84. gr. a og 84. gr. b og eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 2 skv. 84. gr. c sem að hámarki nema þriðjungi af eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, ásamt frádráttarliðum skv. 85. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins komi: laga um hlutafélög

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 1. mgr. 29. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 4. mgr. 31. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 62. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 3. mgr. 89. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

13. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna orðist svo: *Félag í hliðarstarfsemi* : Félag sem hefur að meginstarfsemi að sjá um þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri fjármálafyrirtækja, t.d. gagnavinnsluþjónusta, umsjón með fasteignum eða annarri þjónustu sem samrýmist starfsemi fjármálafyrirtækja.

9. gr. frumvarpsins (breyting á 18. gr. laganna – Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækis).

Í umsögn SÍ er gerð athugasemd við að orðið „áhætta“ sé notað í fleirtölu í greininni þ.e. „áhættur“. Ráðuneytið leggur til breytingu í samræmi við umsögn SÍ þannig að orðið „áhættu“ komi í stað orðsins „áhættur“. Þetta á ekki að hafa efnislega áhrif á inntak ákvæðisins þar sem starfsemi fjármálafyrirtækis getur falið í sér ýmiskonar áhættu og með vísan til ákvæðisins ber fjármálafyrirtæki að upplýsa um þá áhættu sem starfsemin felur í sér eða þá áhættu sem stafar af fjármálafyrirtæki (innri- og ytri áhætta).

SFF gerir athugasemd við reglugerðarákvæði í lokamálslið greinarinnar. Athugasemdin virðist byggð á misskilningi. Reglugerðarheimildin vísar til þess að um upplýsingaskyldu fari skv. umræddri reglugerð sem sett verður á grundvelli 117. gr. a en ekki að sett verði sérstök reglugerð um upplýsingaskyldu.

SFF gerir einnig athugasemd við orðalag 9. gr. frumvarpsins í umsögn sinni og heimildar FME til þess að gera kröfu til móðurfélaga til upplýsingagjafar. 2. másl. 18. gr. byggir á 1. mgr. 106. gr. CRD IV tilskipunarinnar og er að fullu í samræmi við þær valdheimildir sem eftirlitsaðilar ríkjanna skulu hafa yfir að ráða í landsrétti aðildarríkjanna skv. tilskipuninni. Um er að ræða sértækar heimildir á grundvelli svonefndrar 3 stoðar (e. pillar 3). Hér þarf að átta sig á samspili þeirra krafna sem gerðar eru til upplýsingagjafar á grundvelli CRR annars vegar og þeirrar heimildar sem eftirlitsaðilar skulu hafa á grundvelli 106. gr. CRD IV. Ráðuneytið telur ákvæðið í fullu samræmi við CRD IV/CRR regluverkið.

Þá gerir SFF einnig athugasemd við heimild FME til þess að krefja móðurfélag fjármálafyrirtækis um upplýsingar o.fl. og telur SFF orðalagið í ósamræmi við CRD IV/CRR

regluverkið. Umrædd heimild kemur fram í 2. másl. greinarinnar en málsliðurinn byggir á 2. mgr. 106. gr. CRD IV tilskipunarinnar. Ráðuneytið leggur til breytingu á 3. másl. greinarinnar með hliðsjón af þessari athugasemd þannig að orðin „, annað hvort að fullu eða með tilvísun,“ komi á eftir orðinu „árlega“ í málsliðinum. Með því verður fullt samræmi á milli laganna og orðalags tilskipunarinnar.

Breyting:

Í stað orðsins „áhættur“ í 1. másl. 18. gr. komi orðið „áhættu“.

Á eftir orðinu „árlega“ í 3. másl. 18. gr. komi orðin: „, annað hvort að fullu eða með tilvísun,

10. gr. frumvarpsins (Breytingar á 20. gr. laganna – Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja).

Í umsögn SFF er vakin athygli á því að í 25. og 27. gr. laganna komi orðið „fjárfestingarráðgjöf“ fyrir en orðið „ráðgjöf“ komi aftur á móti fyrir í 11. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna. Þá komi orðið „fjárfestingarráðgjöf“ einnig fyrir í 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Í viðauka I við CRD IV tilskipuninna er að finna yfirlit yfir þær starfsheimildir fjármálafyrirtækja sem skulu njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í aðildarríkjunum. Kveðið er á um þessar heimildir í 20. gr. laganna. Sambærilegan lista er að finna um starfsheimildir verðbréfafyrirtækja og þá þjónustu sem þeim er unnt að veita í viðauka I við tilskipun 2004/39/EB (MiFID).

11. tölul. 1. mgr. 20. gr. byggir á 11. tölul. viðauka I við CRD IV tilskipunarinnar (Portfolio management and advice). Aftur á móti byggja d og e-liðir 1. mgr. 25. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti á A-hluta viðauka I við MiFID-tilskipuninna (Portfolio management and Investment advice).

Ástæðan fyrir ólíku orðalagi í ákvæðunum er hið ólíka orðalag umræddra tilskipanna.

11. gr. frumvarpsins (breytingar á 25. gr. laganna – Starfsheimildir verðbréfafyrirtækis).

FME gerir athugasemd við orðalag reglugerðarheimildar sem lagt er til að verði að 6. mgr. 25. gr. laganna verði frumvarpið samþykkt óbreytt. Ástæðu þess að reglugerðarheimildin bætist við lagagreininna er lýst í athugasemd við frumvarpið og í umsögn FME. Ráðuneytið styður tillögu FME að nýju orðalagi málgreinarinnar.

Breyting:

6. mgr. 25. gr. laganna orðist svo: Verðbréfafyrirtæki sem bera takmarkaðar starfsskyldur skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þau kunna að valda viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð trygginga og lágmarksskímála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

14. gr. frumvarpsins (breytingar á 28. gr. laganna – Hámark virkra eignarhluta).

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við að orðið „virkur eignarhlutur“ sé notað í ákvæðinu um eignarhald í fyrirtækjum sem ekki eru fjármálafyrirtæki. Ráðuneytið bendir á að orðalagið er í samræmi við hugtakanotkun og orðaval í CRR reglugerðinni sjá t.d. 89. gr. hennar. Virkur eignarhlutur er vel skilgreint og þekkt hugtak í lögnum og eðli máls samkvæmt myndi slík skilgreining eiga við um önnur félög ef löginn kveða á um það burt séð frá orðanotkun í lögnum

um hlutafélög. Ráðuneytið hafnar því alfarið að orðalagið hafi „læðst inn í lögin“ enda hefur það verið í lögunum frá því að þau voru upphaflega samþykkt á Alþingi.

SFF gerir einnig athugasemd við breytingartillögu í i-lið 14. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að orðið „fyrirtæki“ komi í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ í 4. mgr. greinarinnar. Ráðuneytið er sammála því að þessa breytingu hefði mátt skýra betur í athugasemd við breytingartillögu frumvarpsins.

Til áréttingar þá leiðir breytingin til þess að ákvæðið tekur til allra fyrirtækja þ.á m. eignarhluta í öðrum fjármálafyrirtækjum. Hér skal bent á að á grundvelli 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur FME heimild til þess að kalla eftir þeim upplýsingum sem FME þarf á að halda til að framfylgja eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum og starfsemi þeirra.

Upplýsingar um eignarhald fjármálafyrirtækja á öðrum fyrirtækjum eru grundvallar upplýsingar um tengsl og samþjöppun á fjármálamarkaði. Með því að kveða á um þessa skyldu í 28. gr. laganna sem fjallar um eignarhald fjármálafyrirtækja, þ.á m. fyrirtækja í óskyldum rekstri, eykst skýrleiki laganna og hvaða skyldur hvíla á fjármálafyrirtækjum. Ráðuneytið telur þessa breytingu mikilvæga.

19. gr. frumvarpsins (breytingar á 30. gr. a laganna – takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum).

SÍ gerir athugasemd við ákvæðið í umsögn sinni. Athugasemdin snýr að því að í f-lið 19. gr. frumvarpsins, sem bætir nýjum málslíð við 7. mgr. 30. gr. laganna kemur fyrir hugtakið „skuggabankastarfsemi“ en hugtakið er ekki skilgreint í lögunum. Leggur SÍ til að hugtakið verði skilgreint í lögunum og að taka mætti mið af skilgreiningu Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðsins (e. Financial stability board, FSB).

Ráðuneytið bendir á að ástæða þess að umræddur málslíður kemur inn í lögin er að með honum fylgir lagastöð til þess að taka upp í reglugerð tæknileg atriði úr viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur birt og varða stórar áhættuskuldbindingar.

Skilgreining FSB er í sjálfu sér góð en hér skal bent á að hugtakið „skuggabankastarfsemi“ er óafmarkað í Evrópuréttinum sem stendur sem skýrist af því að erfitt er að ná utan um hugtakið með tæmandi hætti og því er ennþá unnið að skilgreiningu á vettvangi ESB sem nær almennilega til þess sem á að falla innan hugtaksins. Við gerð hugtaksins mun ESB notast við gögn og upplýsingar sem munu berast á grundvelli CRR-reglugerðarinnar og einnig upplýsingar í tengslum við svonefnda „STFR reglugerð“ (e. Regulation on reporting and transparency of securities financing transaction) sem nú er á vinnslustigi hjá framkvæmdastjórn ESB. Umrædd reglugerð mun einnig taka mið af tilmælum FSB um sama efni.

Að mati ráðuneytisins er betra að bíða um sinn með að skilgreina hugtakið og taka upp séríslenska skilgreiningu, jafnvel þó að hún myndi byggja á skilgreiningu FSB. Heppilegra er að bíða eftir því að ESB klári umrædda gerð og með því skilgreiningu sem mun gilda um þetta efni í Evrópurétti. Að öðrum kosti liggur fyrir að endurskoða þyrfti skilgreininguna í íslenskum lögum fljótlega.

Hér má einnig vísa til þess að ef skilgreining FSB yrði tekin upp í lögina en ekki einungis stuðst við þau viðmið sem finna má í CRR-reglugerðinni gæti skapast lagaleg óvissa hér á landi ef misræmi verður á milli skilgreiningarinnar og þess inntaks sem CRR-reglugerðin á að ná utan um.

Í athugasemdum við 39. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á gildandi 30. gr. laganna og vísast þangað til skýringa.

25. gr. frumvarpsins (ný ákvæði um könnunar- og matsferli).

Í umsögn SÍ er gerð athugasemd við orðalag í tillögu að 80. gr. laganna með 25. gr. frumvarpsins. Leggur SÍ til að orðin „séu fullnægjandi“ komi fyrir í 4. mgr. 80. gr. í stað orðanna „séu nægjanlegar“. Ráðuneytið er sammála þessari breytingartillögu.

Hvað varðar tillögu SÍ að orðalagsbreytingum á tillögu að 81. gr. laganna þá virðist tillagan m.a. ekki taka tillit til þess að kanna þarf hvort viðkomandi breytingar hafi áhrif á eignir og skuldir viðkomandi fjármálafyrirtækis. Ráðuneytið telur því rétt að halda orðalagi óbreyttu.

SFF gerir athugasemd við 1. mgr. í a-lið 25. gr. frumvarpsins (ný 80. gr.). Nánar tiltekið að orðin „stjórn og framkvæmdarstjóri“ skuli koma fram í málsgreininni í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ en í 1. mgr. 73. gr. CRD IV tilskipunarinnar er enska orðið „institution“ notað.

73. gr. CRD IV tilskipunarinnar fjallar um innramatsferli og byggir á og er sambærileg og orðalagi 123. gr. tilskipunar 2006/48/EB (CRD tilskipunarinnar) sem fjallar um sama efni. Skyldan kemur nú fram í 2. másl. 1. mgr. 84. gr. laganna sem er innleiðing á 123. gr. tilskipunar 2006/48/EB og d-lið 16. gr. tilskipunar 2006/49/EB. Breytingin var gerð árið 2006 með lögum nr. 170/2006. Í orðalagi eldri tilskipunar voru ensku orðin „credit institution“ notuð en nú er einungis notast við enska orðið „institution“ sem nær því orðalagið til fleiri fjármálafyrirtækja en 123. gr. tilskipunar 2006/48/EB gerði.

Stjórn og framkvæmdarstjóri bera ábyrgð á starfsemi og rekstri fjármálafyrirtækis sbr. 54. gr. og 54. gr. a laganna og 68. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í ljósi þessa leggur ráðuneytið til að orðalagið verði óbreytt frá því hvernig það kemur fram í gildandi lögum og lagt er til í frumvarpinu. Engin ástæða er til þess að gera breytingu sem getur einnig leitt til þess að ábyrgð og skylda samkvæmt lögnum verði óskýr.

Í umsögn SFF er einnig gerð athugasemd við orðin „tegund eiginfjárþarfar“ sem koma fram í 1. mgr. 80. gr. sbr. 1. mgr. a-liðs 25. gr. frumvarpsins. Orðalagið byggir á texta tilskipunarinnar þ.e. orðin „tegund, dreifingu og fjárhæð“ koma þar beint fyrir en orðið „eiginfjárþarfar“ vísar til enska hugtaksins „internal capital“. Orðið „eiginfjárþörf“ hefur verið notað í lögnum um það sem kallast „internal capital“ í enskri útgáfu bankatilskipannanna. Með frumvarpinu er því lagt til að áfram verði notast við orðið „eiginfjárþarfar“ þegar vísað er til „internal capital“. Að mati ráðuneytisins næst þessi skírskotun ekki eins vel með þeirri orðalagstillögu sem SFF leggur til.

Ráðuneytið leggst ekki gegn tillögu SFF um að breyta orðinu „eiginfjárframlag“ í „eiginfjárþörf“ í tillögu að d-lið 1. mgr. 81. gr. með 25. gr. frumvarpsins.

Gerð er athugasemd við orðin „varaförða lauss fjár“ í tillögu að 2. tölul. e-liðar 1. mgr. 81. gr. laganna en í enskri útgáfu tilskipunarinnar eru ensku orðin „level, composition and quality of liquidity buffer“ notuð sem SFF kallar „lausafjáreignir“ og telur SFF að ákvæðið þarfnist frekari skýringa.

Orðalagið „varaförði lauss fjár“ vísar til enska hugtaksins „liquidity buffer“ sem samanstendur af lausafjáreignum (e. liquidity assets). Varaförði lauss fjár tekur m.a. mið af nýjum Basel III kröfum um að viðhalda nægjanlegu lausu fé m.a. með nýjum kröfum skv. LCR-reglum. Hér skal einnig bent á að orðin „varaförði lauss fjár“ koma nú þegar fyrir í lögnum sbr. 6. mgr. 78. gr. h laganna og eru þar notuð yfir sama hugtakið þ.e. „liquidity buffer“.

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við tillögu að orðalagi h-liðar 1. mgr. 81. gr. laganna með b-lið 25. gr. frumvarpsins þ.e. að tekið skuli tillit til landfræðilegra staðsetningar áhættuskuldbindinga sem þátt við könnunar- og matsferli. Orðalagið er tekið beint upp úr h-lið 1. mgr. 98. gr. CRD IV tilskipunarinnar en í enskri útgáfu tilskipunarinnar segir „the geographical location of institutions exposures“.

Ráðuneytið bendir á að hér skiptir öllu máli að það er fjármálafyrirtækið sjálft sem ber að meta áhættu sína m.t.t. landfræðilegrar staðsetningar áhættuskuldbindinga þess m.a. með hliðsjón af útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu og þar með meta eiginfjárbindingu sína o.fl. Ef fjármálafyrirtæki vanmetur áhættu vegna þessa eða tekur einfaldlega ekki tillit til þessa atriðis þá er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu til fjármálafyrirtækis á grundvelli könnunar- og matsferlis t.d. um aukna eiginfjárbindingu. Hér er því um mikilvæga heimild að ræða. Í slíku ferli gilda stjórnslulög þ.ám. meðalhófsreglan og andmælarétturinn. Sama regla gildir um önnur lítil fjármálafyrirtæki í Evrópu og víðar þar sem um er að ræða Basel II reglur.

Ráðuneytið hafnar því að FME „dæmi ákveðin landsvæði til stöðnunar“ og telur ekki þörf á að svara því frekar.

Breyting:

Í stað orðanna „sú nægjanlegar“ í tillögu að 4. mgr. 80. gr. laganna komi: séu fullnægjandi

27. gr. frumvarpsins (84. gr. laganna – Almennar kröfur vegna eiginfjárgrunns).

Við vinnslu minnisblaðsins og í samskiptum ráðuneytisins við nefndarmenn sem komu að vinnslu frumvarpsins kom í ljós að misritun er að finna í tillögu að 1. mgr. 84. gr. laganna sem lögð er til í 27. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu segir „Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækja skal samsettur af þætti 1, sbr. 84. gr. a, þætti 2, sbr. 84. gr. b, og frádráttarliðum skv. 85. gr.“ Hér vantar tilvísun til 84. gr. b sem fjallar um viðbótar eigið fé þáttar 1 og tilvísun til þáttar 2 er röng en þar á að segja 84. gr. c. Þannig að orðalag 1. másl. 1. mgr. 84. gr. laganna ætti því að vera svona „Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skal samsettur af þætti 1, sbr. 84. gr. a og 84. gr. b, þætti 2, sbr. 84. gr. c, og frádráttarliðum skv. 85. gr.“ Í nýrri tillögu er einnig lagt til að í stað orðsins „fjármálafyrirtækja“ komi „fjármálafyrirtækis“ enda gilda lögin um öll fjármálafyrirtæki.

Breyting:

1. másl. 1. mgr. 84. gr. laganna orðist svo: Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skal samsettur af þætti 1, sbr. 84. gr. a og 84. gr. b, þætti 2, sbr. 84. gr. c, og frádráttarliðum skv. 85. gr.

28. gr. frumvarpsins (ný 84. gr. a – Almennt eigið fé þáttar 1).

Í umsögn SÍ er gerð athugasemd við hugtakanotkun í greininni. Þannig er í 1. mgr. bæði notast við orðin „fjármagnsgerningur“ og „eiginfjárgrunnsgerningur“ sbr. a- og b-liðir 1. mgr. Hér er um ósamræmi að ræða því að í öðrum greinum sem 28. gr. frumvarpsins leggur til breytingar á er notast við orðið „fjármagnsgerningur“. Ráðuneytið leggur því til að í stað orðsins „eiginfjárgrunnsgerninga“ í tillögu að b-lið 1. mgr. 84. gr. a laganna með 28. gr. frumvarpsins komi orðið „fjármagnsgerninga“.

Breytinga:

Í stað orðsins „eiginfjárgrunnsgerninga“ í tillögu að b-lið 1. mgr. 84. gr. a komi orðið: fjármagnsgerninga

28. gr. frumvarpsins (ný 84. gr. b – Viðbótar eigið fé þáttar 1).

Í umsögn SÍ er gerð athugasemd við hugtakanotkun. Eftir samráð við SÍ og FME er lögð til eftirfarandi breyting á tillögu að i-lið 2. mgr. 84. gr. b laganna: skilmálar gerninganna fela í sér að ef til kveikjuviðburðar kemur verði höfuðstóll gerninganna færður niður, að hluta eða í heild, varanlega eða tímabundið, eða gerningnum breytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Orðalagsbreyting er því gerð á seinni hluta staflíðarins sem er í betra samræmi við CRR-reglugerðina.

SFF gerir athugasemd við tillögu að h-lið 2. mgr. 84. gr. b laganna um að samþykki FME þurfi að fá til að innkalla, innleysa eða endurkaupa fjármagnsgerninga sem teljast til viðbótareiginfjár þáttar 1. Telur SFF að þetta sé ekki í samræmi við CRR-reglugerðina.

52. gr. CRR reglugerðarinnar kveður á um hvaða körfur eru gerðar til eiginfjárgerninga svo þeir geti talist til viðbótareiginfjár þáttar 1. Í i-lið 1. mgr. 52. gr. CRR reglugerðarinnar segir (í enskri útgáfu hennar) „*the instruments may be called, redeemed or repurchased only where the conditions laid down in Article 77 are met, and not before five years after the date of issuance except where the conditions laid down in Article 78(4) are met.*“.

Samkvæmt þessu þarf að uppfylla skilyrði 77. gr. CRR reglugerðarinnar til þess að innkalla, innleysa eða endurkaupa þessa gerninga en það má þó ekki gera nema þegar 5 ár eru liðin frá útgáfu þeirra og skal þá einnig uppfylla skilyrði 4. mgr. 78. gr. CRR reglugerðarinnar.

Í 77. gr. CRR reglugerðarinnar segir að fyrirfram samþykki eftirlitsaðila þurfi til þess að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa eiginfjárgerninga sem tilheyra viðbótareiginfjár þáttar 1 fyrir sanningsbundinn lokagjalddaga þeirra (e. contractual maturity).

Með öðrum orðum, 77. gr. CRR reglugerðarinnar gerir alltaf kröfu um samþykki eftirlitsaðila fyrir innköllun, innlausn, endurgreiðslu eða endurkaupum á eiginfjárgerningum sem teljast til viðbótareiginfjár þáttar 1. Athugasemd SFF er því byggð á misskilningi og ákvæðið í fullu samræmi við 52. og 77. gr. CRR reglugerðarinnar.

28. gr. frumvarpsins (ný 84. gr. c – Þáttur 2).

Gerð er athugasemd við „almennt eigið fé þáttar 1“ um miðja á bls. 7 í umsögn SFF en hér er væntanlega átt við „þátt 2“.

Gerð er athugasemd við c-lið 1. mgr. greinarinnar um leiðréttingar vegna útlánaáhættu. Umræddur staflíður byggir á c-lið 62. gr. CRR reglugerðarinnar. Það er rétt hjá SFF að hér er um að ræða fjármálafyrirtæki sem beita staðalaðferð og skírskotun til staðalaðferðar í umræddum staflíð ákvæðisins undirstrikar það. Eins er með athugasemd SFF varðandi d-lið 1. mgr. greinarinnar sem byggir á d-lið 62. gr. CRR reglugerðarinnar en ákvæðið á við um þau fjármálafyrirtæki sem beita innramatsaðferð en það ætti að vera ljóst með skírskotun til innramatsaðferðar í staflíðinum.

Hins vegar og til þess að draga af allan vafa um inntak ákvæðisins leggur ráðuneytið til breytingar á tillögum að c- og d-lið 1. mgr. 84. gr. c laganna þannig að í upphafi staflíðanna komi annars vegar í c-lið „hjá fjármálafyrirtækjum sem nota staðalaðferð“ og hins vegar í d-lið „hjá fjármálafyrirtækjum sem nota innramatsaðferð“.

SFF gerir einnig athugasemd við orðin „jákvæð staða“ í tillögu að d-lið 1. mgr. 84. gr. c laganna en í enskri útgáfu reglugerðarinnar eru orðin „positive amount“ notuð. SFF leggur þó ekki til betra orðalag en nokkuð ljóst er hvað átt er við með orðunum að mati ráðuneytisins.

Breytingar:

c-liður 2. mgr. 84. gr. c orðist svo: hjá fjármálafyrirtækjum sem nota staðalaðferð, almennar leiðréttingar vegna útlánaáhættu, að hámarki 1,25% af áhættuvegnum eignum reiknuðum samkvæmt staðalaðferð,

d-liður 2. mgr. 84. gr. c orðist svo: hjá fjármálafyrirtækjum sem nota innramatsaðferð, jákvæð staða vegna útreikninga á væntu tapi, að hámarki 0,6% af áhættuvegnum eignum reiknuðum samkvæmt innramatsaðferð.

28. gr. frumvarpsins (ný 84. gr. e – Skilgreining áhættugrunns).

Í umsögn SFF er gerð athugasemd við tillögu að 84. gr. e í 28. gr. frumvarpsins nánar til tekið d-lið greinarinnar sem kveður á um eiginfjárkröfur vegna áhættu sem tengist OTC-afleiðusamningum.

Vegna þessarar athugasemdar þá vísar ráðuneytið í 6. mgr. sömu greinar en þar kemur fram að áhættugrunnur fjármálafyrirtækja verði afmarkaður í reglugerð sem sett verður á grundvelli 117. gr. a laganna þ.e. með CRR-reglugerðinni. Þetta á ekki einungis við um d-lið 1. mgr. heldur eiginfjárkröfur á grundvelli a. – f. –lið 1. mgr. greinarinnar. Ráðuneytið telur því ekki ástæðu til þess að bregðast við þessari athugasemd.

36. gr. frumvarpsins (ný 86. gr. g – Valdheimildir vegna eftirlits).

Gerð er athugasemd við orðalag í e-lið greinarinnar þ.e. að orðið „aukna“ sé notað en ekki orðið „óhóflega“ en í enskri útgáfu CRD IV tilskipunarinnar er orðið „excessive“ notað í sama tilgangi þ.e. í e-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunarinnar. Ráðuneytið er sammála breytingartillögu SFF þannig að orðið „óhóflega“ komi í stað „aukna“ í staflíðnum.

Breyting:

Í stað orðsins „aukna“ í e-lið 4. mgr. 36. gr. frumvarpsins komi: óhóflega

39. gr. frumvarpsins (Breytingar á 110. gr. laganna – Stjórnvaldssektir).

Í umsögn FME kemur fram að þörf sé á heildarendurskoðun ákvæða um stjórnvaldssektir í lögnum til þess að samræma ákvæðin við ákvæði CRD IV tilskipunarinnar. Bendir FME á

dæmi um ákvæði sem vanti í lögum til þess að samræma þau betur tilskipuninni. Eftir að ráðuneytið kynnti sér umsögn FME setti ráðuneytið sig í samband við FME og óskaði eftir frekari skýringum á þessu.

Ráðuneytið skoðaði þá einnig d-lið 1. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um að í landsrétti skuli vera heimild til þess að beita stjórnvaldssektum gagnvart fjármálafyrirtækjum sem fylgja ekki reglum landsréttar sem innleiða m.a. ákvæði 76. – 95. gr. tilskipunarinnar. Nú þegar er að finna heimild í lögum til þess að beita stjórnvaldssektum fyrir brot gegn flestu því sem kemur fram í 88. – 95. gr. tilskipunarinnar en hins vegar er ekki í heimild í lögum til að beita stjórnvaldssektum fyrir brot á reglum landsréttar sem innleiða 76. – 87. gr. tilskipunarinnar. Um er að ræða ákvæði sem koma fram í 78. gr. a – 79. gr. Hér að neðan í minnisblaðinu er því að finna breytingartillögur sem innleiða því skyldu d-liðar 1. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar í íslenskan rétt með fullnægjandi hætti.

Kveðið er á um það í e-, g- og i-lið 1. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar að í landsrétti aðildarríkjanna skuli vera til staðar heimild til þess að sekta fjármálafyrirtæki sem ekki veita eða veita ófullnægjandi upplýsingar um eigið fé, stórar áhættuskuldbindingar og vogunarhlutfall. Þessar heimildir eru ekki fyrir hendi í íslenskum rétti. Til þess að bregðast við þessu leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

Í e-lið 1. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að heimilt skuli að beita fjármálafyrirtæki stjórnvaldssekt sem veitir ekki eða veitir ófullnægjandi upplýsingar um eigið fé á grundvelli 92. og 99. gr. CRR- reglugerðarinnar. Í ljósi þess leggur ráðuneytið til að ný málsgrein bætist við tillögu að nýrri 84. gr. laganna í 28. gr. frumvarpsins og með því ný heimild í 110. gr. laganna um að beita stjórnvaldssekt Heimild í þessum tilfellum. Með þessu er brugðist við athugasemdum sem koma fram í umsögn FME.

7. mgr. 84. gr. laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um eigið fé og eiginfjárgrunn sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

Nýr töluliður bætist við 110. gr. laganna, svohljóðandi: 56. 7. mgr. 84. gr. um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða ófullnægjandi upplýsingar um eigið fé og eiginfjárgrunn.

Í g-lið 1. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar kemur fram að heimild skal vera í lögum til að beita stjórnvaldssekt gagnvart fjármálafyrirtækjum sem veita ekki eða ófullnægjandi upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar. Slíka heimild er ekki að finna í lögnum. Ráðuneytið leggur því til að sambærilegt ákvæði og lagt er til að bætist við 84. gr. bætist við 30. gr. laganna um stórar áhættuskuldbindingar og að heimild bætist við 110. gr. til þess að leggja stjórnvaldssekt á fjármálafyrirtæki í þessum tilfellum.

7. mgr. 30. gr. laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um stórar áhættuskuldbindingar sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

Nýr töluliður bætist við 110. gr. laganna, svohljóðandi: 57. 7. mgr. 30. gr. um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða ófullnægjandi upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar.

Í i-lið 1. mgr. 67. gr. tilskipunarinnar kemur fram að heimild skal vera í lögum til þess að beita stjórnvaldssekt gagnvart fjármálafyrirtækjum sem veita ekki eða veita ófullnægjandi upplýsingar um vogunarhlutfall. Slíka heimild er ekki að finna í lögnum. Ráðuneytið leggur því til að sambærilegt ákvæði og lagt er til að bætist við 84. og 30. gr. bætist við 30. gr. a laganna um vogunarhlutfall en í 20. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að nýrri 30. gr. a laganna. Þá er einnig lagt til að heimild bætist við 110. gr. til þess að leggja stjórnvaldssekt á fjármálafyrirtæki í þessum tilfellum.

2. mgr. 30. gr. a laganna orðist því svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um vogunarhlutfall sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

Nýr töluliður bætist við 110. gr. laganna, svohljóðandi: 58. 2. mgr. 30. gr. a um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um vogunarhlutfall.

Breytingar á 110. gr.:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 110. gr. laganna:

51. 78. gr. a um meðhöndlun útlána- og mótaðilaáhættu og reglna um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

52. 78. gr. c um samþjöppunaráhættu og reglum um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

53. 78. gr. e um markaðsáhættu og reglum um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

54. 78. gr. g um rekstraráhættu og reglum um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

55. 78. gr. h um lausafjáraáhættu og reglum um hana skv. 2. mgr. 79. gr.

56. 7. mgr. 84. gr. um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um eigið fé og eiginfjárgrunn.

57. 7. mgr. 30. gr. um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um stórar áhættuskuldbindingar.

58. 2. mgr. 30. gr. a um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um vogunarhlutfall.

Aðrar breytingar:

7. mgr. 30. gr. laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um stórar áhættuskuldbindingar sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

2. mgr. 30. gr. a laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um vogunarhlutfall sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

7. mgr. 84. gr. laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

41. gr. frumvarpsins (innleiðing reglugerðar um vogunarhlutfall).

SÍ gerir athugasemd við orðalag í ákvæðinu eða nánar til tekið orðalagið „Í reglunum skal kveðið á um val- og heimildarákvæði reglugerðarinnar skuli beitt hér á landi“ sem kemur fram í lokamálslið ákvæðisins. Leggur SÍ til nýtt orðalag málsíðarinnar þar sem orðið „hvaða“

bætist við á eftir orðunum „kveðið á um“. Ráðuneytið er sammála þessari breytingu.

Breyting:

2. málsliður nýrrar 117. gr. c orðist svo: Í reglunum skal kveðið á um hvaða val- og heimildarákvæði reglugerðarinnar skuli beitt hér á landi.

Yfrlit yfir breytingar sem lagðar eru til í minnisblaðinu á ákvæðum í frumvarpinu:

1. gr. frumvarpsins.

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins komi: laga um hlutafélög

13. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna orðist svo: *Félag í hliðarstarfsemi* : Félag sem hefur að meginstarfsemi að sjá um þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri fjármálafyrirtækja, t.d. gagnavinnsluþjónusta, umsjón með fasteignum eða annarri þjónustu sem samrýmist starfsemi fjármálafyrirtækja.

34. tölul. 1. mgr. 1. gr. a orðist þannig: *Hæft fjármagn* : Samtala eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 skv. 84. gr. a og 84. gr. b og eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 2 skv. 84. gr. c sem að hámarki nema þriðjungu af eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, ásamt frádráttarliðum skv. 85. gr.

9. gr. frumvarpsins.

Í stað orðsins „áhættur“ í 1. másl. 18. gr. komi orðið „áhættu“.

Á eftir orðinu „árlega“ í 3. másl. 18. gr. komi orðin: , annað hvort að fullu eða með tilvísun,

11. gr. frumvarpsins.

6. mgr. 25. gr. laganna orðist svo: Verðbréfafyrirtæki sem bera takmarkaðar starfsskyldur skulu setja tryggingu fyrir tjóni sem þau kunna að valda viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð trygginga og lágmarksskimála að öðru leyti skal setja í reglugerð.

19. gr. frumvarpsins.

7. mgr. 30. gr. laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um stórar áhættuskuldbindingar sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

20. gr. frumvarpsins.

2. mgr. 30. gr. a laganna orðist svo: Fjármálafyrirtæki skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu um vögunarhlutfall sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

21. gr. frumvarpsins.

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 4. mgr. 31. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

25. gr. frumvarpsins.

Í stað orðanna „séu nægjanlegar“ í tillögu að 4. mgr. 80. gr. laganna komi: séu fullnægjandi

27. gr. frumvarpsins.

1. másl. 1. mgr. 84. gr. laganna orðist svo: Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skal samsettur af þætti 1, sbr. 84. gr. a og 84. gr. b, þætti 2, sbr. 84. gr. c, og frádráttarliðum skv. 85. gr.

7. mgr. 84. gr. laganna orðist svo: Fjármálaeftirlitun skal veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli greinarinnar og í samræmi við upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í reglugerð sem sett er á grundvelli 117. gr. a.

28. gr. frumvarpsins.

Í stað orðsins „eiginfjárgrunnsgerninga“ í tillögu að b-lið 1. mgr. 84. gr. a komi orðið: fjármagnsgerninga

c-liður 2. mgr. 84. gr. c orðist svo: hjá fjármálaeftirlitunum sem nota staðalaðferð, almennar leiðréttingar vegna útlánaáættu, að hámarki 1,25% af áættuvegnum eignum reiknuðum samkvæmt staðalaðferð,

d-liður 2. mgr. 84. gr. c orðist svo: hjá fjármálaeftirlitunum sem nota innramatsaðferð, jákvæð staða vegna útreikninga á væntu tapi, að hámarki 0,6% af áættuvegnum eignum reiknuðum samkvæmt innramatsaðferð.

36. gr. frumvarpsins.

Í stað orðsins „aukna“ í e-lið 4. mgr. 36. gr. frumvarpsins komi: óhóflega

39. gr. frumvarpsins.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 110. gr. laganna:

51. 78. gr. a um meðhöndlun útlána- og mótaðilaáættu og reglna um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

52. 78. gr. c um samþjöppunaráættu og reglum um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

53. 78. gr. e um markaðsáættu og reglum um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

54. 78. gr. g um rekstraráættu og reglum um hana skv. 1. mgr. 79. gr.

55. 78. gr. h um lausafjáráættu og reglum um hana skv. 2. mgr. 79. gr.

56. 7. mgr. 84. gr. um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um eigið fé og eiginfjárgrunn.

57. 7. mgr. 30. gr. um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um stórar áættuskuldbindingar.

58. 2. mgr. 30. gr. a um að veita fjármálaeftirlitinu ekki upplýsingar eða veita ófullnægjandi upplýsingar um vogunarhlutfall.

41. gr. frumvarpsins.

2. málsliður nýrrar 117. gr. c orðist svo: Í reglunum skal kveðið á um hvaða val- og heimildarákvæði reglugerðarinnar skuli beitt hér á landi.

Yfirlit yfir aðrar breytingar sem lagðar eru til á lögunum:

16. gr. laganna.

5. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur sem kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar.

17. gr. a laganna.

Á eftir orðunum „aðila í nánnum tengslum“ í 2. másl. 2. mgr. 17. gr. a komi orðin „venslaða aðila“.

29. gr. laganna.

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 1. mgr. 29. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

54. gr. laganna.

8. mgr. 54. gr. orðist svo: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

62. gr. laganna.

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 62. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

89. gr. laganna.

Í stað orðsins „hlutafélagalaga“ í 3. mgr. 89. gr. laganna komi: laga um hlutafélög

117. gr. b laganna.

Á eftir orðinu „eiginfjárgrunns“ í b-lið 2. mgr. 117. gr. b komi: , eiginfjáruka

Á eftir orðinu „eiginfjárgrunni“ í a-lið 3. mgr. 117. gr. b komi: og eiginfjárukum

Á eftir c-lið 3. mgr. 117. gr. b bætist við nýr töluliður svohljóðandi: útreikningi á eiginfjárkröfum byggðum á innri líkönum,